

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2003, þriðjudaginn 11. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 16:15.

Viðstaddir voru borgarstjóri Þórólfur Árnason, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur Alfreð Þorsteinsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur Guðmundur Þóroddsson, aðstoðarforstjórar Ásgeir Margeirsson og Hólmsteinn Sigurðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Tryggvi Friðjónsson, Stefán Jón Hafstein, Sveinn Kristinsson, Gísli Gíslason bæjarstjóri Akraness, Þórdís Embla Guðmundsdóttir Borgarfjarðarsveit, Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri Borgarbyggð, Guðmundur Páll Jónsson og Ólafur Jónsson.

1. Stjórnarformaður setti fund og stakk upp á Þórólfi Árnasyni sem fundarstjóra. Samþykkt.
2. Stjórnarformaður lagði til að Ólafur Jónsson gegndi starfi fundarritara. Samþykkt.
3. Þórólfur Árnason borgarstjóri kannaði lögmæti fundarins og lýsti yfir að öllum fundarskilyrðum væri fullnægt.
4. Lögð fram ársskýrsla Orkuveitunnar fyrir árið 2002. Forstjóri gerði grein fyrir starfsemi á síðasta ári. Ennfremur var lögð fram umhverfisskýrsla fyrir árið 2002.
5. Birgir Finnbogason endurskoðandi gerði grein fyrir ársreikningi Orkuveitunnar fyrir liðið reikningsár.
6. Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársskýrslu og reikninga og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.
7. Lögð fram tillaga um arðgreiðslu til eigenda og meðferð hagnaðar eða taps svohljóðandi:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 11. júní 2003 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1365 milljónir. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2003 á vormánuðum 2004.

Samþykkt er að hagnaði verði bætt við óráðstafað eigið fé.

8. Lögð fram tillaga um þóknun til stjórnarmanna svohljóðandi:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 11. júní 2003 ákveður að stjórnarlaun ársins 2002 verði 67.000 kr á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði 18.800 kr á fund.

Aðalfundur heimilar einnig að greitt verði inn á stjórnarlaun fram að næsta aðalfundi.

9. Lýst kjöri stjórnar:

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 5. þ.m. voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til eins árs.

Alfreð Þorsteinsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Tryggvi Friðjónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Til vara: Valur Sigurbergsson, Stefán Jón Hafstein, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Kristján Guðmundsson og Alda Sigurðardóttir.

Formaður stjórnar var kjörinn Alfreð Þorsteinsson og varaformaður Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Á fundi bæjarráðs Akraness þann 5. þessa mánaðar var Sveinn Kristinsson tilnefndur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til eins árs. Varamaður til sama tíma var kosinn Guðmundur Páll Jónsson.

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga varðandi endurskoðanda Orkuveitunnar:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 11. júní 2003 samþykkir að Delottie & Touche endurskoðunarfyrirtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur næsta ár.

Samþykkt samhljóða.

11. Formaður stjórnar fór nokkrum orðum um Orkuveitunnar og þakkaði stjórnarmönnum samstarfið á liðnu ári.

12. Gísli Gíslason bæjarstjóri Akranesi ræddi um Orkuveituna og þakkaði vel unnin störf.

13. Borgarstjórinn í Reykjavík Þórólfur Árnason ræddi málefni Orkuveitunnar og þakkaði sérstaklega vel unnin störf stjórnarformanns, stjórnarmanna og annarra.

14. Samþykkt að fela fundarstjóra og ritara að ganga frá fundargerð.

Formaður stjórnar sleit fundi kl. 16:45

Þórólfur Árnason, Ólafur Jónsson